

Nd.

409. Frumvarp

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Sigurjón Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Árni Jónsson, Aug. Flygenring, Björn Lindal, Jón Sigurðsson, Pjetur Þórðarson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita bræðrunum Sturlu Jónssyni og Friðrik Jónssyni, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmannahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis (lotteri) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Happdrætti hvers árs skiftist í tvo flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 15000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera fleiri en 5 drættir.
- b) Iðgjald til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 200 íslenskar krónur, og eru 10% af því skattur til ríkisins. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta. Þó má ekki skifta í smærri hluta en áttundir.
- c) Í hvorum flokki happdrættisins eiga vinningarnir að nema að minsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutana í flokknum, að frá-dregnum skatti til ríkisins.

Fjárbæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykkt af ráðuneytinu, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í íslenskum krónum.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til ríkisins.

- d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórn- að þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.
- e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita um alt að því 15 ár, frá 1. janúar 1925 að telja.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðuneytisins, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgert rjetti sínum, ef happdrættið er ekki tekið til starfa 1. janúar

1925 og ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til rikissjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykkt er fyrir happdrættið, er brotin af þeirra hálfu. Skal ráðuneytinu þá heimilt að selja einkaleyfið öðrum i hendur.

- f) Einkaleyfishafar skulu greiða til rikisins 10 % af iðgjöldum seldra hluta, sem um getur í b-lið þessarar greinar, þó aldrei lægri fjárhæð en 50000 kr. á misseri.
- g) Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en happdrættið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í Landsbanka Íslands.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu fyrir því, sem á vantar, er ráðuneytið tekur gilda.

Ráðuneytið hefir estirlit með og ábyrgist fyrir hönd rikissjóðs, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til. Þá skulu leyfishafar og, áður en happdrættið tekur til starfa, setja rikissjóði tryggingu, sem ráðuneytið tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði rikissjóði skilvislega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki misserisgjalds.

- h) Ráðuneytið setur nánari ákvæði um fyrirkomulag happdrættisins.

2. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi allt að 2500 heila hluti í happdrættinu á þann hátt, sem það kveður nánar á um.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til happdrættis, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningahappdrætti fyrir Ísland nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til rikissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utanrikis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lúlandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Agóðahluti rikisins samkvæmt lögum þessum rennur að hálfu í landhelgissjóð Íslands og að hálfu til styrktar landbúnaði, enda setur Alþingi með lögum nánari reglur um þann hluta, er til landbúnaðar gengur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1912 var borið fram frv. til laga um lotterí fyrir Ísland, og er frumvarp þetta í aðaldráttum sniðið eftir því. Voru þar áætlaðir 50000 hlutir, en hjer 15000. Ágóðahluti ríkisins var þar áætlaður 4% af iðgjöldum, en hjer 10%, en lágmarkshagnaður ríkissjóðs nokkuð líkur. Frumvarpið 1912 var samþykkt af Alþingi með miklum atkvæðamun, en lögin voru aldrei staðfest, og var það að kenna danskri löggjöf um sama efni. Kaup á hlutum erlendra happdrætta hafa mjög farið i vöxt hjer á landi og flyst nú út stórfje á ári hverju til slíkra kaupa. Verður ekki stémt stígu fyrir því með öðru móti en stofnun innlends happdrættis, enda gæti það gefið ríkinu góðar tekjur, þar sem meginíð af hlutunum yrði selt erlendis. Aðalatvinnuvegum landsmanna mundi verða góður styrkur að þeim tekjum, og er sá höfuðtilgangur þess frumvarps, er hjer er flutt. Vísun vjer að öðru leyti til umræðnanna 1912, og verður frumvarpið nánar skýrt í framsögu.